

GJALDSKRÁ

fyrir Langaneshafnir í Langanesbyggð.

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Bakkafjarðarhöfn og Þórshafnarhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjald.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 23 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 13 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, 138 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 17.318 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 bt greiði þó aldrei lægra en 9.740 kr. á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi. Gestaskútur og skemmtibátar skulu greiða 17.318 kr. (eða nálgæð jafnvirði í erlendum gjaldmiðli).

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjölnum á land eða úr landi á skipsfjölnum, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 12. gr.

10. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru.
- b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og hér segir:

1. fl.: Gjald kr. 495 fyrir hvert tonn: Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 942 fyrir hvert tonn: Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 1.017 fyrir hvert tonn:
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

- c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 1,5%:

Sjávarafla lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 8.742 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er 413 kr.

13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa, sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum. Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- a. í athugasemdasheritunum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- b. undir lið 5.2. í fylgiskjali af gerð B við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

Förgunar- og úrgangsgjöld.

14. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Langaneshafnir taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst. fyrir komu til hafnar.

Fyrir skip sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skal greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- a. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 1,28 kr. á bt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 9.361 kr. og hámarksgjald kr. 85.024 kr.
- b. *Úrgangsgjald:* Gjald skv. a-lið má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá

0,65 kr. á bt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 9.361 kr. og hámarksgjald 42.487 kr.

- c. *Úrgangsgjald*: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. *Úrgangsgjald*: Skip og bátar sem eru undir 100 m eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Langaneshafna skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera 9.361 kr. á mánuði.
- e. *Förgunargjald*: Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skili úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir förgun á úrgangi sem skilað er á land: Farþegaskip yfir 60 m á lengd skulu greiða 2,61 kr. á bt. Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn: Farþegaskip undir 30.000 bt: 5 m³. Farþegaskip frá 30.000 bt til 100.000 bt: 10 m³. Farþegaskip yfir 100.000 bt: 15 m³. Önnur skip skulu greiða 3,62 kr. á bt. Gjaldið miðast við 5 m³ af sorpi. Greiða skal samkvæmt h-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun. Skip og bátar sem eru undir 60 metrar á lengd og hafa varanlega viðlegu í höfnum Langaneshafna skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki mið af lögum og reglum um skil á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 62.294 kr.
- f. *Förgunargjald*: Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Langaneshöfn innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- g. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 getur Umhverfis- og orkustofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfis- og orkustofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- h. Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. gr. c. laga nr. 33/2004 skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 18.280 kr. á hvern rúmmetra og lágmarksgjald fyrir einn rúmmetra. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstöku úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.
- Skipstjóri, eigandi og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Langaneshafna vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd.

Önnur sorp- og förgunargjöld.

Sorpgjöld - Fiskiskip 20 bt og undir (mánaðargjald)	2.909 kr.
Sorpgjöld - Fiskiskip 21-200 bt (mánaðargjald)	11.637 kr.
Sorpgjöld - Fiskiskip 201 bt og yfir (mánaðargjald)	29.090 kr.
Sorpgjöld - Kaupskip samkvæmt reikningi pr. m ³	9.698 kr.

Þjónustugjöld.

15. gr.

<i>Vogargjöld:</i>	<i>Gjald kr.</i>
Vigtun sjávarafla pr. tonn	743
Gjald fyrir lengda viðveru hafnarvarðar vegna vigtunar	13.740
Gjaldið skal einungis innheimt ef bátur kemur að landi eftir lokun hafnar. Sé um fleiri en einn bát að ræða sem landa á sama klukkutímanum er heimilt að deila kostnaði, þó að hámarki á þrjá báta. Lágmarkstími sem innheimt er fyrir er 0,5 klst.	
Gjald vegna útkalls hafnarvarðar/vigtarmanns	35.234
Sé um útkall að ræða og fleiri en einn bátur sem landa á sama klukkutímanum er heimilt að deila kostnaði vegna útkalls, þó að hámarki á þrjá báta.	
Lágmarksgjald vegna einstakrar vigtunar	1.270
Kranagjald pr. tonn	577
Skráningargjald pr. tonn	138
<i>Vatnsgjöld:</i>	
Vatn afgreitt frá bryggju, pr. tonn	430
Lágmarksgjald	3.299
Tengigjald vegna vatns	4.405
Tengigjald yfirvinna	7.178
<i>Rafmagn:</i>	
Rafmagn samkvæmt gjaldskrá Rarik ohf. að viðbættu álagi	+22%
<i>Hafnarvernd:</i>	
Komugjöld vegna hafnarverndar, fyrir hverja komu	63.494
Öryggisgæsla, dagvinna	8.810
Öryggisgæsla, næturvinna	14.359
<i>Hafnsögugjöld:</i>	
Hafnsögugjöld hver mælieining	12
Hafnsögubátur með tveim mönnum pr. klst. (lágmark 4 klst. pr. útkall)	41.627
Fast gjald pr. skip dagvinna (hafnsögumaður)	8.810
Fast gjald pr. skip yfirvinna (hafnsögumaður)	14.359
Festargjald pr. afgreiðslu (dagvinna og pr. starfsmann)	13.214
Festargjald pr. afgreiðslu (yfirvinna og pr. starfsmann)	21.537
<i>Önnur þjónustugjöld:</i>	
Leiga fyrir 20 feta frystigám (mánaðargjald)	6.597
Leiga fyrir 40 feta frystigám (mánaðargjald)	9.895
Gjald fyrir skammtímageymslu veiðarfæra og búnaðar á hafnarbakka (frítt fyrstu fimm dagana) pr. sólarhring hverjir byrjaðir 30 m ²	6.597

Geymsla á áburði á hafnarsvæði, vikugjald pr. tonn	39
Farþegagjald – vegna komu farþegaskipa pr. farþega	286
Geymsla á vörubrettum og annarri lausavöru á hafnarsvæði, mánaðargjald pr. m ²	226

16. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

17. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

18. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

19. gr.

Á verð samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 20. gr. hafnalaga, er lagður 24% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

21. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi fyrir Langaneshafnir sem var samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar 11. desember 2025 og hafnarnefnd Langanesbyggðar 17. nóvember 2025 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004, tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 14/2025.

Langanesbyggð, 11. desember 2025.

Björn S. Lárusson hafnarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 15. janúar 2026